

Ed.

62. Frumvarp til laga

[59. mál]

um breyting á lyfjalögum, nr. 49/1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Upphaf 40. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins, til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir:

2. gr.

Upphaf 41. gr. orðist svo:

Stjórn lyfsölusjóðs skal gera tillögur til ráðherra um:

3. gr.

42. gr. orðist svo:

Tekjur lyfsölusjóðs eru vextir af lánum, hagnaður af sölu áhalda og lyfjabirgða svo og tekjur af rekstri lyfjabúðar, sbr. 41. gr. 1.—3. tl.

Ríkissjóður leggi lyfsölusjóði til árlegt framlag skv. fjárlögum. Framlag þetta nemi sem næst 1% af áætluðu CIF-verði innfluttra lyfja og lyfjaefna.

Árlegt gjald, lyfsölusjóðsgjald, skal lagt á allar lyfjabúðir. Gjald þetta sé jafnhátt eftirlitsgjaldi lyfjabúða og innheimtist með því, svo sem nánar skal ákveðið í reglugerð. Gjald þetta er lögtakskráft.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæðin um lyfsölusjóð í lyfjalögum nr. 49/1978 voru nýmæli. Í ljós hefur komið, að fyrirmælin um að innheimta skuli 1% af CIF-verði innfluttra lyfja og lyfjaefna og leggja í lyfsölusjóð, eru varla framkvæmanleg nema með verulegri skriffinnsku. Af hálfu tolyf-

irvalda hefur verið bent á, að flokkun „lyfjaefna“ sé afar óljós og gjaldtaka af innflutningi því erfið í framkvæmd. Af hálfu fjármálaráðuneytisins er bent á, að miðað við óbreyttar álagningarheimildir við innflutning og dreifingu lyfja og óbreytta þátttöku ríkissjóðs í lyfja-kostnaði almennings, geti nógildandi leið til fjármögnunar á kostnaði lyfsölusjóðs kostað ríkissjóð í raun allt að 50% meira en til lyfsölusjóðs rynni. Þess vegna væri nær að leggja sjóðnum til fé skv. ákvörðun Alþingis í fjárlögum hverju sinni.

Reyndin hefur orðið sú, að lyfsölusjóði hefur verið veitt fé á fjárlögum, sbr. fjárlög 1981 08-399-144. Innheimtuleið nógildandi laga hefur hins vegar ekki verið farin skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins og annarra töllyfirvalda.

Þar eð þessa nauðsyn bar til að breyta nógildandi ákvæðum um lyfsölusjóð, þótt rétt að færa önnur smærri ákvæði til betri vegar í leiðinni og viðra nýmælið um lyfsölusjóðsgjald.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í nógildandi lögum er skipunartími stjórnar lyfsölusjóðs ekki tímabundinn. Það þykir óeðlilegt og hér er því lagt til að stjórnin verði skipuð til 4ra ára. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 2. gr.

Þótt ákvæðin um lyfsölusjóðsgjald yrðu að lögum, væru tekjur sjóðsins ávallt að 80—90% í formi beinna fjárveitinga úr ríkissjóði. Því þykir eðlilegt, að ráðherra hafi síðasta orðið um ráðstöfun þessa fjár. Stefnir breytingartillagan í þá átt, að stjórn sjóðsins leggi sínar tillögur fyrir ráðherra, áður en þær ganga endanlega fram.

Um 3. gr.

Eins og áður segir er hér lagt til, að horfið verði frá hugmyndum um markaðan tekjustofn og komi árleg fjárveiting í staðinn. Þá er lagt til, að lyfsalar taki þátt í uppbyggingu sjóðsins með gjaldi, sem sé jafnhátt eftirlitsgjaldi lyfjabúða, þ. e. a. s. um 100 þús. kr. skv. áætlun fyrir 1982. Fjárveiting úr ríkissjóði yrði hins vegar að vera 6—700 þús. kr., til að svara til upphaflegra hugmynda um tekjur sjóðsins af innflutningsgjaldi.

Um 4. gr.

Parfnast ekki skýringa.